

## 18. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður eigi komið við, skal greiða gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

## 19. gr.

Í stofngjald (tengigjald) skal greiða kr. 25.00 fyrir hvern rúmmetra húsa að 2000 m<sup>3</sup> síðan kr. 5 00 fyrir rúmmetra.

## 20. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við byggingarvísitölu 1455 stig og breytast með henni. Hækkun eða lækkun má þó ekki vera meiri en 50% án samþykkis ráðuneytis.

## 21. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar og 15. júní ár hvert, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

## 22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og ganga þau fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

## 23. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 20 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektin rennur í sveitarsjóð.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólsmshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stykkishólms nr. 143/1970.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Kr. 36.66 hver kwst. til lýsingar.
2. Kr. 10.40 hver kwst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 5 303.00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 157.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Þennan gjaldskrárlíð má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa nótoru upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 36.66 hver kwst. til ljósa og kr. 8.40 hver kwst. til suðu og hitunar.
2. Kr. 6.94 hver kwst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 55.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bíl-skúra.
3. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 6.93 hver kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

### C. Vélanotkun.

1. Kr. 17.70 hver kwst. til iðnaðar.
2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári, kr. 5 843.00 hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 3.00 hver kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun.
3. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári, kr. 5 191.00 hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 2.82 hver kwst. sem er umfram 200 000 kwst.
4. Kr. 10.38 hver kwst., ef um meira en 30 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.
5. Kr. 10.90 hver kwst. fyrir búrekstur.
6. Sértaxti Cefiunar, kr. 1.33 hver kwst. og kr. 11 056.00 hvert kw.
7. Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 1.42 hver kwst.

### D. Hitun.

1. Kr. 2.20 hver kwst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en bó ekki lengur en  $\frac{1}{2}$  klst. í senn.
2. Kr. 2.97 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
3. Kr. 1.73 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
4. Kr. 1.28 hver kwst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
5. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.30 hver kwst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
6. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.13 hver kwst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

### E. Hitun í iðnaði.

1. Kr. 4.73 hver kwst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.
2. Kr. 6.15 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
3. Kr. 3.00 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
4. Kr. 3.58 hver kwst. til súgurrkunar.
5. Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 3.26 hver kwst. til iðnaðar.

### Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

### Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

### II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 A. kr.	30—50 A. kr.	50—100 A. kr.	100—500 A. kr.	Yfir 500 A. kr.
1-fasa kwst.-mælar .....	536.00	660.00	718.00	—	—
3-fasa kwst.-mælar .....	879.00	1 392.00	1 794.00	2 989.00	6 574.00
Tvígjalds- og mestastr.-mælar ..	—	1 794.00	2 989.00	4 814.00	9 638.00
Skiptirofar/skiptiklukkur .....	—	2 219.00	—	—	—

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar, kr. 550.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

### IV. HEIMTAUGARGJÖLD

- Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
- Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun		Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
		Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpi	Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa .....	—	6 000.00	—	Innif.	11 000.00
25 A	3-fasa .....	—	8 800.00	—	—	15 400.00
63 A	1-fasa .....	44 000.00	8 800.00	Innif.	—	15 400.00
63 A	3-fasa .....	48 400.00	10 200.00	—	—	17 000.00

Málstraumur Málraun	Málraun		Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
			Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpi	Loftlína kr./stólpi
110 A	3-fasa	.....	60 000.00	12 100.00	—	—	21 000.00
200 A	3-fasa	.....	34 100 00	—	2 500.00	—	—
315 A	3-fasa	.....	103 400.00	—	3 400.00	—	—
390 KVA	3-fasa	.....	275 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 KVA	3-fasa	.....	440 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
800 KVA	3-fasa	.....	715 000.00	—	Skv. kostn.	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádragnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29 apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 355 18. nóvember 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1975.*

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

### S A M Þ Y K K T

um hundahald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Tálknafjarðarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum: